

# MIKILVÆGAR ÖRYGGISUPPLÝSINGAR SEM HAFNA SKAL Í HUGA ÞEGAR ELVANSE ADULT ER NOTAÐ



Elvanse Adult er notað til að meðhöndla athyglisbrest/ofvirkni (ADHD).

Mikilvægt er að þú farir á ábyrgan hátt með lyfið. Aldrei má selja það eða gefa öðrum jafnvel þótt um sömu einkenni sé að ræða.

## *Ef þér hefur verið ávísað Elvanse Adult átt þú að:*

- ✓ Kynna þér lyfið t.d. með því að lesa fylgiseðilinn sem fylgir pakkningu lyfsins. Fylgiseðilinn má einnig finna á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).
- ✓ Geyma lyfið alltaf á öruggum stað, einnig þegar þú ert í skólanum eða á vinnustaðnum.
- ✓ Vera viss um hversu mikið af lyfinu þú átt að nota og hversu oft.
- ✓ Nota aðeins lyfið eins og læknirinn hefur ávísað.
- ✓ Gangna úr skugga um að enginn annar noti lyfið þitt. Þetta er hægt að gera með því að telja hylkin reglulega.
- ✓ Tala strax við lækninn ef þú hefur áhyggjur af einhverju sem tengist lyfinu.

Eins og við á um öll lyfseðilsskyld lyf er rétt notkun örvandi lyfja, þar með talið Elvanse Adult, mikilvæg. Örvandi lyf geta valdið ýmsum hugsanlegum aukaverkunum ef þau eru ekki notuð á réttan hátt. Til dæmis, ef þau eru notuð í of stórum skömmtum eða notuð þegar þeim hefur ekki verið ávísað þá geta þau haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar í för með sér.

## **Óviðeigandi notkun, röng notkun og misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja, þar með talið Elvanse Adult**

- Óviðeigandi notkun lýsir því þegar lyfseðilsskyldu lyfi sem ávísað er til að meðhöndla sjúkdómsástand er ekki notað eins og ætlað er. Til dæmis ef einhver afhendir einhverjum öðrum lyfin sín.
- Röng notkun lýsir því þegar lyfseðilsskyld lyf eru notuð á annan hátt en ávísað var, til dæmis ef einhver tekur auka skammt af eigin lyfi eða tekur ekki skammta eins og mælt er fyrir um.
- Misnotkun þýðir að einhver notar lyfseðilsskyld lyf til að breyta líðan sinni, til dæmis til að komast í vímu. Þetta getur verið hættulegt fyrir þann sem tekur lyfið og fyrir þá sem eru í kringum viðkomandi einstakling.